

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Ársreikningur 2024

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

kt. 510169-4339

Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	9
Efnahagsreikningur.....	10
Yfirlit um sjóðstreymi.....	11
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	12
Skýringar.....	13
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	30
Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2025 - Útdráttur.....	32
Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.....	33
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	35

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands („sjóðurinn“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2024, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar á ársreikningnum er í samræmi við innihald endurskoðunarskýrslu sem við höfum afhent endurskoðunarnefnd sjóðsins í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfylfum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sjóðnum. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skráning á lykilatriði í endurskoðuninni	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun
Mat á þriðja þreps fjáreignum Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 1.8 bls 14 og skýringu 6.5. á bls. 23: Við höfum skilgreint mat á öðru og þriðja þreps fjáreignum sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2024. Með öðru og þriðja þreps fjáreignum er átt við eignir sem metnar eru til gangvirkis með verðmatsaðferð sem byggir á forsendum sem ekki teljast auðrekanlegar.	Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði sjóðsins við mat á öðrum og þriðja þreps fjáreignum og samkvæmni þess við lög og reglur. Við yfirförum ferli sjóðsins við greiningu og mat á forsendum sem notaðar eru í verðmötum ásamt því að skoða verðmatslíkön sem stuðst er við. Við tókum úrtak fjáreigna til skoðunar, þar sem sérstök áhersla var lögð á stærstu og áhættumestu eignirnar. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.
Mat og nákvæmni á tryggingafræðilegri stöðu Sjá umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins á yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar í skýringu 7.1 á bls.24. Við höfum skilgreint mat og framsetningu á tryggingafræðilegri stöðu sem lykilatriði við endurskoðun okkar á árinu 2024. Tryggingafræðileg staða er mynduð af útreiknaðri lífeyrisskuldbindingu og eignum til að mæta lífeyrisskuldbindingunni. Við útreikning á lífeyrisskuldbindingu sjóðsins þarf forsendur en þær forsendur eru að hluta til staðlaðar. Tryggingafræðileg staða er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem ráðinn er af stjórn sjóðsins.	Til að bregðast við þessu lykilatriði í endurskoðuninni framkvæmdum við eftirfarandi aðgerðir: Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings sjóðsins sem ráðinn var af stjórn. Við lögðum mat á forsendur við útreikninginn og framkvæmdum greiningaraðgerðir. Við mátum ferlið við gagnaöflun tryggingastærðfræðingsins gagnvart sjóðnum ásamt því að meta ferlið og aðferðafræðina við útreikning tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins. Við völdum úrtak sjóðfélaga og röktum þau stök í skuldbindinguna til að staðfesta tilvist.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Skráning á lykilatriði í endurskoðuninni, frh.	Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun, frh.
Mat og nákvæmni á tryggingafræðilegri stöðu, frh. Heildareignir námu 24.925,2 millj. kr. og heildarskuldbinding nam 25.031,8 millj. kr. í lok ársins 2024. Skuldbindingar umfram eignir námu því 106,7 millj. kr í lok ársins 2024 til samanburðar voru skuldbindingar umfram eignir 367,3 millj kr. í lok ársins 2023.	Framkvæmdum greiningaraðgerðir og samanburðargreiningu á forsendum og á skuldbindingunni. Fórum yfir endurmat eigna með verðmatssérfræðingi

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sjóðurinn birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sjóðurinn gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ófjárhagslegar upplýsingar, fjárfestingastefna, stjórnarháttaryfirlýsing og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sjóðsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitem við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggtrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt sjóðnum þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd staðfestingu á að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur í fyrsta skiptið á árinu 2022. Endurskoðun ársins 2024 er því þriðja samfellda reikningsárið okkar sem endurskoðendur.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 23. apríl 2025

Davíð Arnar Einarsson
löggtur endurskoðandi

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.



Undirritað af:
Davíð Arnar Einarsson
1601784269
Dags: 23.04.2025
Tími: 16:46:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b09f055b-b4e7-
4189-aa8b-393d2e58b15d

SKÝRSLA STJÓRNAR

Meginstarfsemi sjóðsins

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingarsjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og reglur nr. 335/2015, um ársreikninga lífeyrissjóða. Meginreglan er sú að eignir skuli metnar á gangvirði, á þessari reglu er byggt í ársreikningi.

Starfsemin á árinu

Iðgjöld til sjóðsins voru 5 millj. kr. vegna 5 sjóðfélaga, en þau voru 7,6 millj. kr. árið áður vegna 6 sjóðfélaga. Að auki fékk sjóðurinn 3 millj. kr. framlag úr ríkissjóði vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.946 millj. kr. sem er 6,8% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 415 en að meðaltali þáðu 400 lífeyrisþegar greiðslur úr sjóðnum í mánuði hverjum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 24.631 millj. kr. í árslok 2024. Á árinu hækkaði hún um 271 millj. kr. eða um 1,11%. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 25.032 millj. kr. Skuldbindingar eru um 107 millj. kr. umfram eignir sjóðsins eftir að tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Í febrúarmánuði 2024 var gerður ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra sjóðsins en áður hafði hann verið starfsmaður Arion banka, sem annast rekstur sjóðsins. Þessi breyting er tilkomin vegna kröfu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem gerir kröfu um að beint ráðningarsamband sé á milli stjórnar lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra. Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 11,4 millj. kr. á árinu.

Árið 2024 var allt í senn viðburðaríkt og krefjandi. Það einkenndist af háu vaxtastigi og lækkandi verðbólgu. Þrátt fyrir mikla óvissu vegna ríkisfjármála, eldsumbrota, kjarasamninga og kosninga endaði árið nokkuð vel á verðbréfamörkuðum. Markaðsaðstæður síðustu ára undirstrika mikilvægi þess að vera með dreift eignasafn til þess að standast sveiflur á mörkuðum. Fjárfestingarstefna LSBÍ sem sett er af stjórn sjóðsins miðar að góðri dreifingu eignaflokka með það að markmiði að dreifa áhættu.

Vaxtalækkunarferli Seðlabankans hófst í október sl. og lækkandi verðbólgutaktur gefur vonir um eðlilegra vaxtastig á næstu misserum. Sú þróun hefur ótvírætt jákvæð áhrif á verðbréfamarkaðinn. Með lækkun stýrivaxta mynduðust betri skilyrði fyrir fjárfesta á skuldabréfamarkaði en einnig varð töluverð aukning í fjárfestingum erlendra aðila í lengri óverðtryggðum skuldabréfum. Í lok árs stóðu stýrivextir í 8,5% eftir að hafa lækkað um 0,75 prósentustig og verðbólgan lækkaði úr 6,7% í 4,8% á árinu 2024. Nafnávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var á bilinu 7,4% til 8,5% á árinu en óverðtryggðra 5,5% til 8,9%. Verðþróun og ávöxtun skuldabréfa var þó nokkuð stöðug á árinu, þrátt fyrir lækkun stýrivaxta.

Framan af ári var innlendi hlutabréfamarkaðurinn heldur krefjandi en það dró til tíðinda þegar vaxtalækkunarferli SÍ hófst og félög fóru að skila inn sterkum uppgjörum á þriðja ársfjórðungi. Gengi flestra félaga tók þá að hækka, drifið áfram af væntingum um frekari vaxtalækkanir auk þess sem sameining JBT og Marel jók flæði sem hafði jákvæð áhrif á markaðinn. Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands (OMX15CAP) hækkaði um 15,9% á árinu 2024. Erlendir hlutabréfamarkaðir sýndu áfram jákvæða þróun og ávöxtun reyndist mjög góð þrátt fyrir áskoranir á borð við efnahagslega óvissu, stríðsátök og forsetakosningar. Heimsvísitala hlutabréfa (MWXO) hækkaði um 17% í bandaríkjadal á árinu 2024 en jókst enn frekar, eða um 19,7%, í íslenskum krónum. Ávöxtun hefur, líkt og áður, verið drifin áfram af fáum tæknifyrirtækjum en væntingar um vöxt, þróun og nýtingu gervigreindar hafa verið lykilþættir í þessari þróun. Jafnframt hefur eftirspurn eftir ákveðnum vörum og þjónustu haldist sterk, sem hefur stutt við hlutabréfaverð alþjóðlegra fyrirtækja.

LSBÍ hefur um langt árabíl, með beinum eða óbeinum hætti, átt hluti í félögum sem eiga eignir á Reykjanesi, þ.e. HS Orku, HS Veitum og Bláa lóninu. Þessi félög eru tryggð upp að ákveðnu marki gegn eignatjóni og rekstrarstöðvun. Þó svo að eldsumbrot og jarðskjálftar hafi sett mark sitt á Reykjanesið á árinu 2024 hafa þessi félög haldið áfram starfsemi enda eru þau mjög mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna og innviði á Reykjanesi og víðar. Við vonum að tímabil eldsumbrota hafi ekki meiri neikvæð áhrif á þau. Það á þó allt eftir að koma í ljós.

Ávöxtun eigna sjóðsins á liðnu ári var jákvæð en nafnávöxtun ársins 2024 var 9,44% en að teknu tilliti til verðbólgunnar var raunávöxtun 4,46%. Meðaltal raunávöxtunar sl. tíu ár er 3,51%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 0,43% í árslok 2024. Ljóst er að sem fyrr ríkir óvissa á mörkuðum. Áfram hefur verðbólga hefur verið nokkuð há og enn eitt árið hefur verið órói í alþjóðastjórnmalum og stríðsbrölt í Evrópu sem hefur ófyrirséð áhrif. Óhætt er að segja að varfærin stefna í málefnum sjóðsins hefur mikið að segja um stöðu hans í dag.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 10. apríl 2025 lauk langvinnu máli í tengslum við ÍL-sjóð. Upphaf þess máls má rekja til yfirlýsingar þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra í október 2022 það sem hann taldi rétt að eiga samtal við eigendur skuldabréfa og kanna grundvöll samninga um uppgjör og slit á ÍL-sjóði. Fjármálaráðherra sagði við sama tækifæri að sá möguleiki væri til staðar að slíta sjóðnum með lagasetningu og ráðstafa eignum hans til skuldauppgjörs ef ekki gengi að semja um uppgjör.

Mál þróuðust með þeim hætti að í febrúar mánuði 2024 hófust formlegar viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Viðræðurnar voru í höndum nefndar sem skipuð var ráðgjöfum 18 lífeyrissjóða (m.a. LSBÍ) og ráðgjöfum tilnefndum af fjármála- og efnahagsráðherra. Þeim viðræðum lauk með því að nefndin lagði fram tillögu um að ÍL-sjóði gæti gert skuldabréfin upp gagnvart lífeyrissjóðunum með því að afhenda þeim tilteknar eignir. Til þess að þetta gæti gengið upp þurfti að breyta skilmálum skuldabréfanna. Tillaga þess efnis var lögð fyrir eigendur HFF skuldabréfa á fundum sem haldnir voru 10. apríl sl. þar sem tillagan var samþykkt. LSBÍ var meðal þeirra lífeyrissjóða sem samþykkti tillöguna. Þessi niðurstaða þýðir að uppgjörsvirði íbúðabréfanna í eignasafni LSBÍ verður um 341,5 milljónum kr. hærra en kröfuvirði þeirra, eða sem nemur 1,41% að teknu tilliti til hlutfalls af eignasafni LSBÍ.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á árinu 2024 og efnahag hans 31. desember 2024 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn LSBÍ leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttalýsingu fyrir árið 2024 sem birt er í heild sinni í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn LSBÍ birtir samantekt á ófjárhagslegum upplýsingum úr starfsemi sjóðsins í sérstöku yfirliti í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2025

Stjórn

Ársæll Hafsteinsson, stjórnarformaður

Brynja Þorbjörnsdóttir

Tryggvi E. Geirsson

Framkvæmdastjóri

Guðmundur Thorlacius Ragnarsson

SKÝRSLA STJÓRNAR

Rafræn undirritun

Stjórn



Undirritað af:
Ársæll Hafsteinsson
1401584379
Dags: 23.04.2025
Tími: 17:49:16
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b09f055b-b4e7-
4189-aa8b-393d2e58b15d



Undirritað af:
Tryggvi Einar Geirsson
1711523059
Dags: 25.04.2025
Tími: 18:37:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b09f055b-b4e7-
4189-aa8b-393d2e58b15d



Undirritað af:
Brynja Þorbjörnsdóttir
0706582089
Dags: 23.04.2025
Tími: 15:57:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b09f055b-b4e7-
4189-aa8b-393d2e58b15d

Framkvæmdastjóri



Undirritað af:
Guðmundur Thorlacius
Ragnarsson
0703702989
Dags: 23.04.2025
Tími: 14:09:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: b09f055b-b4e7-
4189-aa8b-393d2e58b15d

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld	1.4; 2		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.095	1.671
Iðgjöld launagreiðenda		3.941	6.015
		<u>5.036</u>	<u>7.686</u>
Sérstök aukaframlög	2.1	3.006	3.806
		<u>8.042</u>	<u>11.492</u>
Lífeyrir	1.5; 3		
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	(1.945.790)	(1.821.782)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	3.2	(37)	(45)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.3	(321)	(265)
		<u>(1.946.148)</u>	<u>(1.822.092)</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	1.6; 4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1-2	754.395	533.788
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.3	1.475.890	1.105.854
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		17.316	34.290
Fjárfestingargjöld	4.4	(7.721)	(7.108)
		<u>2.239.880</u>	<u>1.666.824</u>
Rekstrarkostnaður	1.7		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.1	(30.793)	(29.964)
		<u>(30.793)</u>	<u>(29.964)</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		270.981	(173.740)
Hrein eign frá fyrra ári		24.360.197	24.533.937
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>24.631.178</u>	<u>24.360.197</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Fjárfestingar	1.8; 6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	6.1	7.323.671	7.274.817
Skuldabréf	6.2	16.653.774	16.836.400
		<u>23.977.445</u>	<u>24.111.217</u>
Kröfur	1.9		
Kröfur á launagreiðendur		433	783
Aðrar kröfur		85.583	4.260
		<u>86.016</u>	<u>5.043</u>
Handbært fé			
Handbært fé	1.10	617.267	286.598
Eignir samtals		<u>24.680.728</u>	<u>24.402.858</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	1.11		
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		49.099	42.194
Aðrar skuldir		451	467
Skuldir samtals		<u>49.550</u>	<u>42.661</u>
 Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>24.631.178</u>	<u>24.360.197</u>
Skuldbindingar utan efnahags	7.2		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2024

	Skýr.	2024	2023
Inngreiðslur			
Löggjöld		9.713	11.187
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		26.085	23.260
		<u>35.798</u>	<u>34.447</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	(1.942.105)	(1.819.495)	
Rekstrarkostnaður	(25.008)	(33.907)	
Aðrar útgreiðslur	(7.764)	(7.110)	
	<u>(1.974.877)</u>	<u>(1.860.512)</u>	
Útgreiðslur umfram innborganir		<u>(1.939.079)</u>	<u>(1.826.065)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	98.942	55.884	
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(1.764.442)	(1.450.687)	
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	2.285.458	1.757.987	
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	1.220.640	1.195.264	
Keypt skuldabréf	(663.788)	(1.127.292)	
Seld skuldabréf	1.101.663	1.339.860	
	<u>2.278.473</u>	<u>1.771.016</u>	
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé	339.394	(55.049)	
Gengismunur af handbæru fé	(8.725)	11.033	
Handbært fé í upphafi árs	286.598	330.614	
Handbært fé í lok árs	<u>617.267</u>	<u>286.598</u>	

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2024

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Skýr

31.12.2024

7.1

Eignir:

Hrein eign til greiðslu lífeyris	24.631.178	0	24.631.178
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	287.090	0	287.090
Núvirði framtíðariðgjalda	0	6.915	6.915
Eignir samtals	24.918.268	6.915	24.925.183

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	20.830.547	17.387	20.847.934
Örorkulífeyrir	116.113	72	116.185
Makalífeyrir	3.210.866	1.280	3.212.146
Barnalífeyrir	0	67	67
Dánarbætur	104.453	0	104.453
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	750.251	795	751.047
Skuldbindingar samtals	25.012.230	19.603	25.031.833

Eignir umfram skuldbindingar	(93.962)	(12.688)	(106.650)
------------------------------------	----------	----------	-----------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(0,4%)	(64,7%)	(0,4%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(1,4%)	(61,9%)	(1,5%)

31.12.2023

Eignir:

Hrein eign til greiðslu lífeyris	24.360.197	0	24.360.197
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	368.745	0	368.745
Núvirði framtíðariðgjalda	0	10.220	10.220
Eignir samtals	24.728.942	10.220	24.739.161

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	20.995.214	23.915	21.019.129
Örorkulífeyrir	129.794	59	129.853
Makalífeyrir	3.143.701	1.746	3.145.447
Barnalífeyrir	0	67	67
Dánarbætur	100.970	0	100.970
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	709.905	1.049	710.954
Skuldbindingar samtals	25.079.585	26.837	25.106.421

Eignir umfram skuldbindingar	(350.643)	(16.617)	(367.260)
------------------------------------	-----------	----------	-----------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	(1,4%)	(61,9%)	(1,5%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(0,0%)	(69,3%)	(0,2%)

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

1.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

1.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

1.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

1.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Sjóðurinn greiðir dánarbætur og falla þær hér undir sem og gjald til starfsendurhæfingarsjóðs.

1.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.4 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknanir vegna vörslu sem og aðrar þóknanir vegna verðbréfa. Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins þar með talið þóknanir vegna eignastýringar, aðrar en þær sem taldar eru upp hér að ofan, og þóknun vegna innri endurskoðunar. Sundurliðun fjárfestingargjalda má sjá í skýringu 4.4.

1.7 Rekstrarkostnaður

Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins og ber kostnað vegna innri endurskoðunar, en sjóðurinn greiðir sjálfur laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar ásamt hlutdeild í launum áhættustjóra, eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt. Laun og launatengd gjöld v. starfa framkvæmdarstjóra eru greidd af sjóðnum en Arion banki greiðir samhlíða jafn háa fjárhæð og nemur greiddum starfsmannakostnaði hverju sinni.

SKÝRINGAR

1.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fjárfestingu með veði í íbúðarhúsnæði.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjorsárs. Í skýringu nr. 6.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

1.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarrekning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærsla er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

1.11 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

1.12 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 kveða á um að eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar á opinberu gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir sbr. 32. reglnanna. Sú breyting tók gildi þann 1. apríl 2020 að Seðlabanki Íslands birtir aðeins miðgengi gjaldmiðla. Með hliðsjón af því eru eignir og skuldir lífeyrissjóða í erlendri mynt því umreiknaðar miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands.

Meðalgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok tímabilsins var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2024	2023	31.12.2024	31.12.2023
Evra.....	EUR	149,31	149,14	143,90	150,50
Bandaríkjadalur.....	USD	137,93	137,98	138,20	136,20
Sterlingspund.....	GBP	176,40	171,46	173,30	173,18
Dönsk króna.....	DKK	20,02	20,02	19,30	20,19
Norsk króna.....	NOK	12,85	13,07	12,21	13,39
Sænsk króna.....	SEK	13,07	13,00	12,57	13,56

SKÝRINGAR

1.13 Áhættustjórnun

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 8.

2. IÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög

	2024	2023
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði	3.006	3.806

3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2024	2023
Ellilífeyrir	1.764.100	1.640.571
Örorkulífeyrir	43.484	28.554
Makalífeyrir	135.147	150.308
	1.942.731	1.819.433
Dánarbætur	3.059	2.349
	1.945.790	1.821.782

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2024	2023
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	37	45

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni á hverjum tíma.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2024	2023
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	321	265

4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum greinast þannig:

	2024	2023
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	660.644	545.889
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(5.190)	(67.985)
Arður af hlutabréfum	97.202	52.668
Endurgreidd umsýsluþóknun sjóða	1.739	3.216
	754.395	533.788

SKÝRINGAR

4.2 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismuni af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörssársins.

	2024	2023
Jarðvarmi slhf.	16.447	8.492
HSV eignarhaldsfélag slhf.	(4.391)	246.762
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	44.920	(13.419)
SSGA World Screened Index Equity Fund (USD)	77.825	87.622
Stefnir - ÍS 5	23.159	(81.561)
ST1 hs.	36.179	29.247
Arion banki hf.	37.301	4.140
Bláa Lónið hf.	(11.456)	0
JBT Marel Corp. - IS markaður *	87.886	(8.006)
SSGA World Screened Index Equity Fund (EUR)	23.053	52.002
Íslandsbanki hf.	19.950	(14.312)
PIMCO Euro Income Bond Fund	9.850	17.548
JPM USD Standard Money Market VNAV Fund	4.872	746
Katla Fund Global Equity	29.774	29.809
Innviðir fjárfestingar slhf.	(1.051)	53.363
Stefnir - Sparifjár sjóður hs.	13.636	8.988
TFII slhf.	50.788	(60.368)
Capital Group New Perspective Fund	19.423	21.140
PIMCO Income Fund	6.821	12.715
PIMCO Global Bond Fund	(1.015)	5.359
Önnur félög og sjóðir	176.673	145.622
	660.644	545.889

* Þann 20. des. 2024 lauk yfirtökutilboði JBT Corp. um kaup á öllu hlutafé í Marel hf. LSBÍ tók tilboðinu og á því hlutafé í sameinuðu félagi JBT Marel Corp. um áramót. Horft er á eign í félögunum sem sömu eign í töflunni hér að ofan. Marel hf. var afskráð þann 3. janúar 2025.

4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði að undanskyldum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum sem eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2024	Samtals 2023
Skuldabréf með ríkisábyrgð	864.819	2.443	867.262	882.840
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	81.391	0	81.391	2.874
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	63.411	(2.029)	61.382	35.018
Önnur verðbréf	462.605	(196)	462.409	179.363
	1.472.226	218	1.472.444	1.100.095
	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2024	Samtals 2023
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3.446	0	3.446	5.759
	3.446	0	3.446	5.759
	1.475.672	218	1.475.890	1.105.854

4.4 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	Bein fjárf.gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf.gjöld	Fjárf.gjöld Samtals	Meðalstaða eigna í sjóðum	Hlutfall fjárf.gjalda af meðaleign
Fjárfestingargjöld 2024					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	10.176	10.176	621.813	1,6%
Aðrir innlendir sérhæfðir sjóðir	0	26.583	26.583	1.562.014	1,7%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	8.841	8.841	1.682.760	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0	4.665	4.665	151.920	3,1%
Vörslubókun	5.547	0	5.547		
Miðlunarbóknir	1.702	0	1.702		
Önnur fjárfestingargjöld	472	0	472		
	7.721	50.265	57.986	4.018.507	
Fjárfestingargjöld 2023					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	10.120	10.120	566.933	1,8%
Aðrir innlendir sérhæfðir sjóðir	0	33.716	33.716	1.798.089	1,9%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	9.581	9.581	1.875.360	0,5%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0	4.276	4.276	112.475	3,8%
Vörslubókun	5.367	0	5.367		
Miðlunarbóknir	1.160	0	1.160		
Önnur fjárfestingargjöld	581	0	581		
	7.108	57.693	64.801	4.352.857	

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2024 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og sérhæfðum sjóðum fyrir almenning og hins vegar hjá öðrum sérhæfðum sjóðum. Áætlaður kostnaður sjóðanna er viðvarandi gjöld þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Viðvarandi gjöld sjóðanna eru innifalin í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

SKÝRINGAR

5. REKSTRARKOSTNAÐUR

5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2024	2023
Laun og launatengd gjöld*	18.330	12.695
Kostnaður vegna tryggingastærðfræðings	2.299	2.239
Lögfræðikostnaður	773	2.319
Endurskoðun	1.471	1.382
Eftirlitsgjöld	6.627	6.094
Aðkeypt þjónusta	414	193
Áhættustjóri	3.697	3.335
Annar rekstrarkostnaður	1.576	1.707
Endurgreiddur kostnaður**	(4.394)	0
	<u>30.793</u>	<u>29.964</u>

*Á árinu 2024 er búið að bæta við launum framkvæmdastjóra, sjá liðinn „Endurgreiddur kostnaður“.

**Þann 31.01.2024 var undirritaður samningur milli Arion banka og LSBÍ þar sem fram kemur að sjóðurinn greiði mánaðarlega laun framkvæmdarstjóra sjóðsins en samhliða greiði Arion banki jafn háa fjárhæð til sjóðsins sem nemur þeim kostnaði.

5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2024	2023
Ársæll Hafsteinsson, formaður stjórnar	3.336	3.184
Ásta Eyjólfsdóttir, endurskoðunarnefnd	669	638
Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir, stjórnarmaður	134	60
Brynja Þorbjörnsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	3.210	3.060
Lára Jóhannsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	187	126
Sigurður Kristjánsson, stjórnarmaður	134	60
Tryggvi E. Geirsson, stjórnarmaður og formaður endurskoðunarnefndar	3.746	3.571
Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdarstjóri	3.590	0
	<u>15.006</u>	<u>10.699</u>

5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	<u>1.471</u>	<u>1.382</u>

5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig:

	2024	2023
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	1.395	1.321
Önnur þjónusta	904	919
	<u>2.299</u>	<u>2.240</u>
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	283	265
	<u>2.582</u>	<u>2.505</u>

SKÝRINGAR

6. FJÁRFESTINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2024			31.12.2023		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð innlend hlutabréf						
Skel fjárfestingafélag hf.	107.077	0,29%	38.178	94.293	0,31%	41.809
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	123.908	0,22%	34.564	103.257	0,22%	34.564
Skagi hf.	86.871	0,21%	52.383	68.773	0,21%	52.383
Iceland Seafood International hf.	28.698	0,19%	42.927	50.916	0,29%	67.477
Kaldalón hf.	45.705	0,15%	30.470	39.952	0,20%	41.000
Arion banki hf.	335.643	0,13%	181.074	266.157	0,12%	144.989
Reitir fasteignafélag hf.	97.810	0,12%	43.879	74.443	0,12%	46.241
Heimar hf.	76.594	0,11%	46.337	63.143	0,15%	62.074
Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	52.589	0,10%	30.232	66.677	0,16%	47.002
Íslandsbanki hf.	169.405	0,07%	143.101	155.308	0,07%	147.118
Ísfélag hf.	82.039	0,07%	85.000	87.742	0,07%	85.000
Festi hf.	58.252	0,07%	33.134	33.875	0,05%	21.419
Hampiðjan hf.	30.750	0,05%	39.000	42.000	0,05%	39.000
Kvika banki hf.	30.750	0,03%	41.334	26.025	0,03%	41.334
Icelandair Group hf.	2.237	0,00%	3.052	7.118	0,01%	10.621
	<u>1.328.328</u>		<u>844.665</u>	<u>1.179.679</u>		<u>882.031</u>
Óskráð innlend hlutabréf						
TFII slhf.	164.631	3,03%	122.011	95.645	2,16%	103.813
HSV eignarhaldsfélag slhf.	450.410	2,09%	91.006	454.801	2,09%	91.006
Jarðvarmi GP hf.	107	2,05%	107	107	2,05%	107
Innviðir fjárfestingar slhf.	141.685	1,82%	93.893	135.442	1,82%	86.600
Edda slhf.	25.491	1,70%	11.788	66.231	1,70%	31.124
Bakkastakkur slhf.	98.941	1,42%	80.276	101.447	1,46%	78.743
Kjölfesta slhf.	38.683	1,39%	30.330	32.407	1,39%	30.330
Veðskuld slhf.	10.543	1,38%	55	9.286	1,38%	55
Jarðvarmi slhf.	485.255	1,38%	246.656	468.808	1,38%	246.656
SÍA II slhf.	18.136	1,33%	5.333	15.501	1,33%	5.333
SÍA II GP hf.	53	1,33%	53	51	1,33%	53
Innviðir fjárfestingar II slhf.	39.008	1,32%	43.658	29.081	1,32%	33.103
Alda Credit Fund II slhf.	27.198	1,23%	18.000	24.948	1,26%	18.000
Landsbréf - Veðskuldabréfa slhf.	10.292	1,14%	4.637	9.325	1,18%	4.637
Horn III slhf.	59.802	1,12%	49.926	76.576	1,14%	55.894
Sameinað Sílikon hf.	0	1,07%	76.041	0	1,07%	76.041
SÍA III GP hf.	36	0,97%	39	34	0,97%	39
SÍA III slhf.	71.692	0,97%	30.047	95.363	0,97%	47.372
ACF IV slhf.	5.500	0,76%	5.001	5.000	0,76%	5.001
Coripharma Holding hf.	97.761	0,70%	110.031	96.573	0,68%	94.961
Bláa Lónið hf.	436.697	0,65%	448.153	0	0,00%	0
ACF III slhf.	15.917	0,28%	11.000	14.322	0,29%	11.000
Landsbréf - Hvatning slhf.	0	0,00%	0	197.930	1,56%	131.954
Blávarmi slhf.	0	0,00%	0	221.149	1,14%	183.383
Blávarmi GP hf.	0	0,00%	0	40	0,99%	40
	<u>2.197.838</u>		<u>1.478.041</u>	<u>2.150.067</u>		<u>1.335.245</u>

SKÝRINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2024			31.12.2023		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð erlend hlutabréf						
Amaroq Minerals Ltd -						
Heimildarsk. (DR)	38.231	0,05%	28.424	0	0,00%	0
JBT Marel Corp. - IS markaður *	234.443	0,03%	234.443	209.938	0,06%	121.347
Alvotech - IS markaður	193.386	0,03%	238.669	0	0,00%	0
Icelandic Salmon AS - NO markaður	8.101	0,02%	9.024	0	0,00%	0
Oculis Holding AG	30.924	0,01%	22.632	0	0,00%	0
	<u>505.085</u>		<u>533.192</u>	<u>209.938</u>		<u>121.347</u>
Hlutabréf samtals	<u>4.031.251</u>		<u>2.855.898</u>	<u>3.539.684</u>		<u>2.338.623</u>

* Þann 20. des. 2024 lauk yfirtökutilboði JBT Corp. um kaup á öllu hlutafé í Marel hf. LSBÍ tók tilboðinu og á því hlutafé í sameinuðu félagi JBT Marel Corp. um áramót. Horft er á eign í félögunum sem sömu eign í töflunni hér að ofan. Marel hf. var afskráð þann 3. janúar 2025.

SKÝRINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2024			31.12.2023		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Innlend hlutdeildarskírteini						
Stefnir - ÍS 5	368.917	3,76%	108.891	399.785	3,67%	121.821
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	424.253	1,79%	342.271	464.339	1,86%	370.073
ST1 hs.	373.269	1,77%	242.803	280.560	2,30%	186.271
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður II	97.685	1,49%	83.806	94.751	1,59%	83.806
Kvika - Iceland Fixed Income Fund hs. ..	4.874	0,95%	10.266	8.894	0,95%	12.744
Stefnir - Sparifjár sjóður hs.	169.238	0,77%	166.579	100.124	0,45%	100.000
IS Alpha Hlutabréfasjóður	29.400	0,76%	26.900	26.181	0,86%	26.900
Akta HL1	19.582	0,52%	10.762	31.809	0,65%	10.762
SIV Credit Fund slhf.	8.736	0,38%	8.000	191	0,38%	191
	<u>1.495.954</u>		<u>1.000.278</u>	<u>1.406.634</u>		<u>912.568</u>
Erlend hlutdeildarskírteini						
Wellington Global Property Fund	75.314	0,46%	68.890	70.515	0,69%	68.890
Katla Fund Global Equity	146.215	0,30%	52.256	147.553	0,36%	60.676
Ashmore EM Frontier Equity Fund	30.466	0,16%	18.742	24.158	0,22%	18.742
New Mountain Guardian IV	23.763	0,10%	23.513	12.504	0,10%	12.484
DNB Fund Nordic High Yield	31.298	0,10%	24.914	74.609	0,24%	63.989
CVC European Direct Lending Fund III ..	45.508	0,08%	50.490	50.937	0,08%	46.014
SSGA World Screened -						
Index Equity Fund (USD)	455.267	0,06%	221.085	406.000	0,06%	234.033
Wellington -						
Global Research Equity Fund	59.209	0,04%	23.187	89.504	0,07%	41.461
PIMCO Euro Income Bond Fund	98.604	0,04%	98.255	216.246	0,10%	209.154
Seilern World Growth	53.455	0,02%	20.986	77.715	0,03%	30.162
NB Private Debt Fund V	11.609	0,01%	11.623	0	0,00%	0
JPM Global Bond Opportunities Fund	79.556	0,01%	61.723	101.011	0,02%	80.651
SSGA World Screened -						
Index Equity Fund (EUR)	79.636	0,01%	46.156	312.349	0,04%	150.497
CVC European Direct Lending Fund IV ..	24.786	0,01%	25.105	0	0,00%	0
NB Private Debt Fund IV	30.260	0,01%	29.558	28.264	0,01%	26.546
Capital Group New Perspective Fund	136.785	0,01%	78.132	115.700	0,01%	78.132
Bridgepoint Direct Lending III	21.398	0,01%	22.186	15.787	0,01%	14.853
PIMCO Global Bond Fund	107.706	0,00%	105.951	125.730	0,01%	124.896
JPM USD Standard -						
Money Market VNAV Fund	75.382	0,00%	71.453	223.782	0,03%	226.992
JPMorgan Global Focus Fund	36.160	0,00%	36.202	0	0,00%	0
Wellington Global Quality Growth Fund ..	28.465	0,00%	12.113	23.027	0,00%	12.113
iShares MSCI World ETF	6.640	0,00%	4.977	5.599	0,00%	4.977
PIMCO Income Fund	99.742	0,00%	76.376	135.762	0,00%	106.381
iShares Core MSCI World UCITS ETF	39.242	0,00%	18.410	32.459	0,00%	18.410
New Mountain Guardian III	0	0,00%	0	32.858	0,02%	30.862
Montanaro European-						
Smaller Companies Fund	0	0,00%	0	6.430	0,01%	1.932
	<u>1.796.466</u>		<u>1.202.283</u>	<u>2.328.499</u>		<u>1.662.847</u>
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>3.292.420</u>		<u>2.202.561</u>	<u>3.735.133</u>		<u>2.575.415</u>
Eignarhlutir og sjóðir samtals	<u>7.323.671</u>		<u>5.058.459</u>	<u>7.274.817</u>		<u>4.914.038</u>

SKÝRINGAR

6.2 Skuldabréf greinast þannig:

a) Skuldabréf á gangvirði greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréf með ríkisábyrgð	10.212.725	10.551.028
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	766.370	798.202
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	651.428	760.556
Önnur verðbréf	4.990.278	4.672.316
	<u>16.620.801</u>	<u>16.782.102</u>

b) Útlán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Sjóðfélagar	32.973	54.298
	<u>32.973</u>	<u>54.298</u>
Skuldabréf samtals	<u>16.653.774</u>	<u>16.836.400</u>

6.3 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
ISK	21.868.879	21.258.706
USD	1.546.281	1.782.685
EUR	502.526	971.738
GBP	51.658	52.408
SEK	8.101	45.680
	<u>23.977.445</u>	<u>24.111.217</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir í íslenskum krónum	91,21%	88,17%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	8,79%	11,83%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

6.4 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í lok árs 2024	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2024	Gangvirði 31.12.2024
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.323.671	0	0	7.323.671	7.323.671
Skuldabréf	16.620.801	32.973	0	16.653.774	16.653.774
	<u>23.944.472</u>	<u>32.973</u>	<u>0</u>	<u>23.977.445</u>	<u>23.977.445</u>

Fjárfestingar í lok árs 2023	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2023	Gangvirði 31.12.2023
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	7.274.817	0	0	7.274.817	7.274.817
Skuldabréf	16.782.102	54.298	0	16.836.400	16.836.400
	<u>24.056.919</u>	<u>54.298</u>	<u>0</u>	<u>24.111.217</u>	<u>24.111.217</u>

6.5 Þrepaskipting gangvirðis:

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2024
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.879.294	2.609.525	2.834.852	7.323.671
Skuldabréf	10.979.140	4.599.970	1.041.691	16.620.801
	<u>12.858.434</u>	<u>7.209.495</u>	<u>3.876.543</u>	<u>23.944.472</u>

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2023
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.427.673	3.181.223	2.665.921	7.274.817
Skuldabréf	11.714.288	4.029.019	1.038.795	16.782.102
	<u>13.141.961</u>	<u>7.210.242</u>	<u>3.704.716</u>	<u>24.056.919</u>

Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	3.704.716
Keypt á árinu	714.636
Selt á árinu og arðgreiðslur	(681.348)
Afborganir	(107.332)
Flutt í þrep 3	0
Hrein gangvirðisbreyting	249.421
Gangvirðismunur v. erlendra gjaldmiðla	(3.550)
Staða í lok árs	<u>3.876.543</u>

SKÝRINGAR

7. ÖNNUR MÁL

7.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 25.032 milljónum kr. í árslok 2024 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2024 var 24.925 milljónir kr. eða 106 milljónum lægri eða sem nemur -0,43%. Lífeyrissjóður Búnaðarbanka Íslands hf. leggur lífslíkutöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga er byggja á spá um lífslíkur til framtíðar til grundvallar mats á lífeyrisskuldbindingum en ekki töflur er byggja á lífslíkum byggðum á reynslu. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2024	31.12.2023
Eignir:		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	24.925.183	24.739.161
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	24.739.161	24.196.812
Hækkun (Lækkun) endurmetinnar eignar á árinu	186.021	542.349
Skuldbindingar:	31.12.2024	31.12.2023
Skuldbindingar í árslok	25.031.833	25.106.421
Skuldbindingar í ársbyrjun	25.106.421	24.240.584
Hækkun (Lækkun) skuldbindinga á árinu	(74.588)	865.837
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	260.610	(323.488)

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2024	2023
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	24.369.679	23.530.622
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	1.983.854	2.677.673
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	13.630	19.394
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(1.945.790)	(1.821.782)
Breyting á örorkuforsendum	3.560	0
Lækkun vegna annarra breytinga	(162.955)	(36.227)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	24.261.979	24.369.679

7.2 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2024	31.12.2023
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	1.188.174	997.839
Heildarfjárfestingar	(899.930)	(645.165)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	288.244	352.674

8 ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

8.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóður skilgreinir. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur stjórn sjóðsins sett fram stefnu um áhættu í starfsemi lífeyrissjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

8.2 Lífeyristryggingaráhætta

Lífeyristryggingaráhætta er hætta á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyristryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem settar eru með það að markmiði að sjóðurinn geti staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum sem geta haft áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf

	31.12.2024	31.12.2023
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	-2,96%	-2,80%
Dánartíðni lækkuð um 20%	-5,26%	-5,95%
Örorkulíkur auknar um 10%	-0,20%	-1,46%
Vísitala neysluverðs (VNV) hækkun ársins aukin um 0,5%	-0,60%	-1,64%
Gengisvísitala (GVT) lækkar um 10%	-1,45%	-2,59%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	-0,44%	-1,48%
Innlend/erlend markaðsskuldabréf lækka um 10%	-7,52%	-8,73%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-0,91%	-2,01%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-2,42%	-3,28%
Innlend og erlend hlutabréf lækka um 20% í uppgjörsmýnt, GVT hækkar um 15%	-3,83%	-4,50%

8.3 Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhættu með skýrslugjöf.

Álagspróf

	31.12.2024	31.12.2023
10% hækkun vísitölu neysluverðs.....	6,42%	6,33%

SKÝRINGAR

8.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Fjárhagsleg áhætta er sundurgreind í vaxta- og endurfjármögnunaráhættu, hlutabréfaáhættu, uppgreiðsluáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

a) Vaxta og endurfjármögnunaráhætta

Vaxta- og endurfjármögnunaráhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og/eða lögum vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2024	31.12.2023
100 pt. hækkun verðtryggðra vaxta.....	-5,17%	-5,36%
200 pt. hækkun óverðtryggðra vaxta.....	-0,11%	-0,21%

b) Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir hlutabréfaáhættu með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á hlutabréfaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2024	31.12.2023
30% virðislækkun innlendra hlutabréfa.....	-3,36%	-2,80%
30% Lækkun innlendra hlutabréf og sérhæfðra fjárfestinga.....	-6,18%	-5,57%
20% Virðislækkun erlendra hlutabréfa.....	-1,11%	-1,04%
20% Virðislækkun erlendra hlutabréfa og sérhæfðra fjárfestinga.....	-0,81%	-1,21%

c) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjalddeyrísáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verði meira. Auknar sveiflur í gengi krónunnar hafa neikvæð áhrif á þennan mælikvarða auk þess sem staða sjóðsins í eignum í erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2024	31.12.2023
1 mán. fé í húfi m.v. við 99,5% öryggisbil.....	-0,39%	-0,65%

SKÝRINGAR

8.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldabréfasafn sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáættu og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefenda	31.12.2024	31.12.2023
Ríki.....	60,68%	62,08%
Fjármálafyrirtæki.....	7,69%	7,09%
þar af sértryggð skuldabréf.....	2,38%	2,54%
Sveitarfélög.....	4,68%	4,82%
Fyrirtæki.....	26,74%	25,68%
Sjóðfélagalán.....	0,20%	0,33%

8.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Tafla 1 inniheldur 10 stærstu mótaðila LSBÍ í lok árs 2024 og til samanburðar sýnir Tafla 2 stöðuna í lok árs 2023. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina skv. lögum um lífeyrissjóði teljast einn aðili. Flokkað er niður á eignaflokka skv. 36. gr. a. í lífeyrissjóðslögum

A og B: Ríkisskuldabréf (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), fasteignaveðtryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, innlán viðskiptabanka og sparisjóða, sértryggð skuldabréf skv. lögum þar um.

C og D: Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, fyrir utan víkjandi bréf, hlutir í verðbréfasjóðum skv. lögum þar um, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E og F: Hlutabréf félaga, hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fasteignir (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), afleiður sem draga út áhættu sjóðsins og aðrir fjármálagæringar.

Útgefendur – 31.12.2024	Samtals	Eignaf. A og B	Eignaf. C og D	Eignaf. E og F
ÍL-sjóður.....	38,06%	38,06%		
Arion banki hf.....	9,53%	3,49%	2,09%	3,96%
Reykjavíkurborg.....	5,68%	1,99%	3,69%	
Reitir fasteignafélag hf.....	3,38%		2,98%	0,40%
Landsbankinn hf.....	3,07%	0,69%	1,01%	1,36%
HS Veitur hf.....	2,95%		0,53%	2,42%
Eik fasteignafélag hf.....	2,48%		2,48%	
State Street Global Advisors France*.....	2,19%		2,19%	
HS Orka hf.....	1,98%			1,98%
Kvika banki hf.....	1,96%		1,25%	0,71%

Tafla 1. Tíu stærstu mótaðilar LSBÍ, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og sérhæfða sjóði

* Erlent sjóðastýringarfyrtæki, sem starfrækja sjóði, sem LSBÍ fjárfestir í. Í hverjum sjóði eru ótal undirliggjandi eignir.

SKÝRINGAR

8.6 Samþjöppunaráhætta frh.,

Útgefendur – 31.12.2023	Samtals	Eignaf. A og B	Eignaf. C og D	Eignaf. E og F
Íl-sjóður.....	37,99%	37,99%		
Arion banki hf.....	8,10%	2,77%	1,97%	3,37%
Reykjavíkurborg.....	4,97%	1,92%	3,05%	
Reitir fasteignafélag hf.....	3,49%		2,91%	0,59%
HS Veitur hf.....	2,97%		0,55%	2,43%
State Street Global Advisors France*.....	2,94%		2,94%	
Kvika banki hf.....	2,56%		1,63%	0,93%
Landsbankinn hf.....	2,42%	0,52%	0,73%	1,17%
Eik fasteignafélag hf.....	2,41%		2,33%	0,08%
PIMCO Funds Global Investor*.....	1,95%		1,95%	

Tafla 2. Tíu stærstu mótaðilar LSBÍ, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og sérhæfða sjóði

* Erlent sjóðastýringarfyrtæki, sem starfrækja sjóði, sem LSBÍ fjárfestir í. Í hverjum sjóði eru ótal undirliggjandi eignir.

Mótaðilaáhætta tengd Arion banka

Eignaflokkur	31.12.2024	31.12.2023
Innlán.....	2,79%	2,11%
Sértryggð skuldabréf.....	0,70%	0,66%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum.....	0,35%	0,56%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga.	1,32%	1,27%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.....	0,42%	0,14%
Hlutabréf félaga.....	1,79%	1,76%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.....	1,89%	1,61%
Afleiður.....	0,27%	0,00%
Samtals:	9,53%	8,10%

Tafla 3 Skipting mótaðilaáhattu Arion banka

8.7 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfavíðskipta, greiðslur vegna reksturs á sjóðnum og flutningar á séreignarsparnaði. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáraáhattu með því að greina vænt greiðsluflæði og gæta þess að varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáraáhattu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2024	31.12.2023
Flokkur 1.....	27,0%	29,5%
Flokkur 2.....	58,3%	56,5%
Flokkur 3.....	14,7%	14,1%

8.8 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hætta á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta. Meðal þeirra rekstraráhættuþátta sem litið er til eru eftirfarandi:

- **Starfsmannaáhætta:** Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- **Hætta á sviksemi:** Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstraraðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- **Orðsporsáhætta:** Hætta á að hnekkir á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- **Upplýsingatækniáhætta og öryggismál:** Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- **Lög og reglur:** Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- **Skjalaáhætta:** Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfunar iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- **Áhætta vegna útvistunar:** Áhætta sem felst í útvistunarsamningum, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast geta milli sjóðsins og útvistunaraðila.
- **Upplýsingaáhætta:** Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- **Verkferlar og framkvæmd:** Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- **Úrskurðaráhætta lífeyris:** Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

KENNIÖLUR

Fimm ára yfirlit

2024 2023 2022 2021 2020

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	(0,43%)	(1,46%)	(0,18%)	13,97%	12,23%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	(0,38%)	(1,40%)	(0,00%)	14,22%	12,61%

Hrein raunávöxtun

Hrein raunávöxtun.....	4,46%	(1,00%)	(14,23%)	8,25%	5,67%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár.....	0,29%	1,04%	2,37%	7,03%	5,45%
síðustu 10 ár	3,51%	3,37%	3,77%	5,68%	6,01%

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	14,48%	14,84%	13,12%	16,17%	14,41%
Skráð skuldabréf %.....	68,16%	68,10%	68,48%	67,23%	70,43%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	16,06%	15,33%	16,19%	14,23%	12,10%
Óskráð skuldabréf %.....	1,16%	1,50%	1,95%	2,14%	2,66%
Veðlán.....	0,14%	0,23%	0,26%	0,25%	0,40%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	91,21%	88,17%	87,61%	87,71%	87,59%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	8,79%	11,83%	12,39%	12,29%	12,41%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjöldi

Fjöldi virkra sjóðfélaga.....	5	6	7	8	13
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	431	439	446	453	460
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	400	396	385	379	356
Fjöldi lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.....	415	410	395	396	381

Hlutfallsleg skipting lífeyris

Ellilífeyrir.....	90,80%	90,17%	90,77%	89,38%	89,74%
Örorkulífeyrir.....	2,24%	1,57%	1,77%	3,13%	2,47%
Makalífeyrir.....	6,96%	8,26%	7,46%	7,49%	7,79%
Barnalífeyrir.....	0,00%	0,00%	0,00%	0,01%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit frh.	2024	2023	2022	2021	2020
Stöðugildi	0,14	0	0	0	0
Fjárhæðir á föstu verðlagi					
Iðgjöld alls.....	8.042	12.040	14.661	13.626	20.903
Lífeyrir alls.....	1.946.148	1.909.016	1.941.311	1.900.300	1.778.796
Hreinar fjárfestingartekjur.....	2.239.880	1.746.341	(1.877.152)	4.249.843	2.994.511
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	30.793	31.393	29.231	29.799	30.646
Hækkun (lækkun) á hreinni eign	270.981	(182.028)	(3.833.033)	2.333.370	1.205.972
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði.....	24.198,6%	15.855,7%	13.241,3%	13.946,4%	8.509,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum *.....	382,9%	260,7%	199,4%	218,7%	146,6%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	9,1%	6,8%	(6,3%)	12,7%	9,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

* Vakin er athygli á því að LSBÍ er lokaður sjóður og því greiddu einungis 5 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu 2024. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður reiknaður sem hlutfall af iðgjöldum verður því hátt hlutfall.

FJÁRFESTINGARSTEFNA 2025 (ÚTDRÁTTUR)

Forsendur fjárfestingarstefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktu sjóðsins og samkvæmt reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Sjóðfélagi sem lætur af starfi og er orðinn 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Laun fyrri ára eru, við útreikning meðaltalsins, umreiknuð til samræmis við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar og eru áunnin réttindi hækkuð samhliða um 14%. Einnig er mögulegt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast greiðslur samkvæmt samþykktum sjóðsins. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur, þegar 60 ára aldri er náð, hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda. Gert er ráð fyrir því að allir sjóðfélagar sem eiga þess kost muni nýta sér þessa 95 ára reglu.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Í júlí 2013 var viðmiðum geymdra réttinda og lífeyris einnig breytt í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samhliða hækkun áunninna réttinda um 14%.

Samantekt þessi um ákvæði samþykktu sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Verði líftryggingum hf.

	Flokkar verðbréfa	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	47%	35-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4%	0-10%
	b. Innlán	1%	0-25%
	c. Sértryggð skuldabréf	3%	0-20%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	1%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	5%	0-40%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	18%	0-30%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	4%	0-10%
E	a. Hlutabréf félaga	3%	0-25%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	13%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals:	100%	

Tafla 1: Flokkar verðbréfa

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Innlend skuldabréf og innlán	78%	35-100%
Innlend hlutabréf	9%	0-20%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	5%	0-15%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldmiðli	2%	0-20%
Erlend hlutabréf	4%	0-15%
Erlendar sérhæfðar fjárfestingar	2%	0-5%

Tafla 2. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingarfélaga	3%	0-6%
Erlendar eignir	8%	0-40%

Tafla 3. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Stjórnarháttayfirlýsing

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ), áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, birtir upplýsingar um stjórnarhætti með það að leiðarljósi að auka gagnsæi gagnvart sjóðfélögum og öðrum hagsmunaaðilum. Stjórn og framkvæmdastjóri LSBÍ telja mikilvægt að hlutverk og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila sem eiga aðkomu að rekstri sjóðsins séu skýr.

LSBÍ starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, samþykktir sjóðsins og aðrar reglur sem um lífeyrissjóði gilda. Samþykktir sjóðsins eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum í II. kafla samþykktja sjóðsins. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Stjórn hefur sett ýmsar reglur um starfsemina og eru þær aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu sjóðsins. Þar má nefna starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningabætti, útvistunarstefnu sjóðsins og verklagsreglur um verðbréfavíðskipti.

Stjórn framkvæmir árlega árangursmat á störfum sínum og hefur nýtt niðurstöður þess mats til að bæta störf sín.

Almennt um sjóðinn

LSBÍ hefur gert samning við Arion banka um að annast daglegan rekstur sjóðsins og eignastýringu með sérstöku samkomulagi frá árinu 2007. Eignir LSBÍ eru ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktja sjóðsins og öðrum reglum. Á árinu 2024 var framkvæmdastjóri sjóðsins starfsmaður Arion banka fram til 1. febrúar, en frá og með þeim degi var hann starfsmaður sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er eini starfsmaður sjóðsins. Samkvæmt samningi annast Arion banki ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins sér um að móta fjárfestinga- og áhættustefnu sjóðsins ásamt því að setja sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skylt að boða til ársfundar sjóðfélaga fyrir lok júní ár hvert. Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Allir sjóðfélagar eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti ásamt því að fara með eitt atkvæði hver. Sjóðfélagar teljast þeir sem voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1997 og áttu þá að baki a.m.k. 6 ára réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. og tilkynntu sjóðnum ekki fyrir 1. júní 1998 að þeir óskuðu eftir flutningi frá A-deild sem þá var til samkvæmt reglugerð sjóðsins. Jafnframt eru sjóðfélagar þeir starfsmenn annarra stofnanna, sem áttu rétt á þátttöku í sjóðnum samkvæmt sérstöku samningum sem gerðir voru við lífeyrissjóðinn fyrir 31. desember 1997. Að auki eru sjóðfélagar þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða eiga geymd réttindi í sjóðnum umfram 6 ár. Ársfundur LSBÍ 2024 var haldinn 15. maí í húsakynnum Arion banka í Borgartúni 19. Þórður Ólafur Þórðarson var kosin fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir var kosin fundarritari. Ársfundurinn var metinn lögmætur og ákvörðunarbær til þess að afgreiða dagskrárefni.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar

Stjórn LSBÍ er skipuð af þremur stjórnarmönnum. Samkvæmt samþykktum sjóðsins kjósa sjóðfélagar tvo stjórnarmenn á tveggja ára fresti og tvo til vara. Enn fremur tilnefni Arion banki einn stjórnarmann og einn til vara til tveggja ára í senn. Stjórnarformaður sjóðsins er Ársæll Hafsteinsson, meðstjórnendur eru Tryggvi E. Geirsson og Brynja Þorbjörnsdóttir. Varamenn eru Sigurður Kristjánsson, Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir og Lára Jóhannsdóttir.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Guðmundur Thorlacius Ragnarsson. Guðmundur býr að víðtækri reynslu innan eignastýringar og af rekstri lífeyrissjóða og hefur staðist hæfismat FME fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hún ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestinga- og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og að tryggja að skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildar áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit í samstarfi við áhættustjóra sjóðsins og fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar frh.:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd sér um að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga sjóðsins og hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og endurskoðun ársreikninga ásamt eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda. Jafnframt ber endurskoðunarnefnd að sjá um eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans og fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefnd setur auk þess fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Ásta Eyjólfssdóttir var skipuð í stjórn endurskoðunarnefndar á ársfundi sjóðsins 15. maí 2024 en Tryggvi E. Geirsson og Brynja Þorbjörnsdóttir voru skipuð í nefndina á fundi stjórnar 24. júní 2024. Nefndin var óbreytt frá fyrra starfsári.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun lánanefndar sjóðsins sem tekur afstöðu til umsókna sjóðfélaga um breytingar á lánum samkvæmt lánareglum sjóðsins en sjóðurinn hefur hætt nýjum lánveitingum til sjóðfélaga. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett henni með lánareglum sjóðsins, öðrum starfsreglum og þeirra laga sem gilda um neytendalán. Lánanefnd er skipuð af stjórn, í henni sitja Guðmundur Thorlacius Ragnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, Ólafur Örn Jónsson, sjóðsstjóri, og Sólveig Dröfn Ómarsdóttir, sérfræðingur á viðskiptabankasviði.

Innra og ytra eftirlit og áhættustjórn sjóðsins

Innri endurskoðun sjóðsins hefur verið útvistað til Arion banka. Innri endurskoðun er sjálfstætt starfandi og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Markmið innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Meðal verkefna innri endurskoðunar er að meta hvort heildar áhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast, ásamt því að leggja mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda. Innri endurskoðun gerir stjórn sjóðsins grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Stjórn sjóðsins hefur tilnefnt regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann aðgerða lífeyrissjóðsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Á grundvelli breytinga á löggjöf varð að hverfa frá því að tilnefna regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann peningabættis og var í hans stað framkvæmdastjóri sjóðsins tilnefndur í þá stöðu. Var sú skipan samþykkt á fundi stjórnar 16. desember 2024. Regluvörður Arion banka hefur eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna. Á árinu 2024 lagði regluvörður fyrir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skýrslu eftirlit með verðbréfavíðskiptum starfsmanna og stjórnar, vegna starfsársins 2023.

Grant Thornton sjá um ytri endurskoðun sjóðsins og hafa sinnt því starfi frá árinu 2022. Markmið ytri endurskoðunar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Endurskoðendur upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun félagsins, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem koma fram í endurskoðun félagsins, ef við á.

Stjórn LSBÍ skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Áhættustefnan er þannig hluti af eftirlitskerfi sjóðsins og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar. Með virkri upplýsingagjöf eru stjórn og starfsmenn sjóðsins meðvitaðir um áhættu tengdar starfseminni og betur í stakk búnir að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustjóri LSBÍ er Valgeir Geirsson. Áhættustýring Arion banka sér um eftirlit með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og að hún sé innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Áhættustjóri gerir ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum og er hún lögð fyrir stjórn. Árlega hefur áhættustjóri umsjón með framkvæmd eigin áhættumats í samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórn, þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Stjórn hefur sett sjóðnum útvistunarstefnu og viðbúnaðaráætlun vegna útvistunar mikilvægra verkefna og ber ábyrgð á fylgni sjóðsins við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019, vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Stjórn LSBÍ setti sjóðnum persónuverndarstefnu á árinu 2018 og er hún birt á vefsíðu sjóðsins. Á árinu 2019 tók regluvörður Arion banka við hlutverki persónuverndarfulltrúa sjóðsins. Árlega skilar Regluvörður skýrslu um framgang persónuverndarstefnu sjóðsins.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Starfsemi sjóðsins felst þannig einkum í varðveislu og ávöxtun lífeyrissparnaðar sjóðfélaga með það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur þeirra. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Umhverfi og samfélag

Samfélagsábyrgð skiptir LSBÍ miklu máli og hefur sjóðurinn að leiðarljósi stjórnunarlega hugmyndafræði sem gengur út á að fyrirtæki og stofnanir viðhaldi jafnvægi á milli fjárhags-, umhverfis- og samfélagsþátta og hugi að öllum þessum þáttum við stefnumótun og ákvörðunartöku. Við mat á samfélagsþáttum er mikilvægt að skilgreina hvað í starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er veigamest með tilliti til samfélagsþátta og sjálfbærni.

Ein höfuðskylda LSBÍ þegar kemur að samfélagsábyrgð lítur að skilgreindu hlutverki hans um að varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Þetta gerir sjóðurinn með því að sýna eftir fremsta megni ábyrgð í fjárfestingum sínum byggt á þeim forsendum sem fyrir liggja hverju sinni, leggja áherslu á góða stjórnarhætti, fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál og góðum árangri í starfsemi sjóðsins.

Allur rekstur og starfsemi sjóðsins er í höndum Arion banka og vísast því til ófjárhagslegrar upplýsingagjafar bankans hvað varðar umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti bankans í árs- og samfélagsskýrslu Arion banka 2024 vegna rekstrarþátta sjóðsins, eftir því sem við á.

Skýrslu Arion banka má nálgast hér:

<https://www.arionbanki.is/bankinn/skyrslur-arion-banka/>

Ábyrgar fjárfestingar og góðir stjórnarhættir

Stjórn LSBÍ hefur sett sjóðnum stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu og eru stefnurnar aðgengilegar sjóðfélögum og öðrum á vef sjóðsins.

Eignastýringaraðili sjóðsins, eignastýring fagfjárfesta hjá Arion banka, hefur þróað aðferðafræði og innleitt verklag ábyrga fjárfestinga í starfshætti sína fyrir hönd sjóðsins þar sem horft er til þriggja grunnþátta sjálfbærni; umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttar. Samhliða því er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja (e. UN Global Compact) hafður til hliðsjónar við eignastýringu LSBÍ. Þessi sáttmáli tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með einum eða öðrum hætti og með því má segja að í starfsemi sjóðsins sé unnið í átt að markmiðunum. Ásamt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact) er rekstraraðili sjóðsins aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og UNEP FI, United Nations Environment Programme Finance Initiative.

Á árinu 2017 var rekstraraðili LSBÍ stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar og hefur stjórn LSBÍ og starfsfólk rekstraraðila nýtt sér þann vettvang til fræðslu og skoðanaskipta. Aðilar samtakanna eru starfsleyfisskyld fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingarfélög og er tilgangur þeirra að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga með því að stuðla að aukinni umræðu um málaflokkinn.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi LSBÍ fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf þar sem fjallað er m.a. um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál.

LSBÍ metur þær áhættur sem starfsemi sjóðsins getur stafað hætta af. Arion banki, rekstraraðili sjóðsins, hefur framkvæmt sérstakt áhættumat í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti bankans og upplýst um niðurstöður matsins í árs- og sjálfbærni skýrslu bankans sem er fánaleg á heimasíðu Arion banka.

Við eignastýringu sjóðsins er tekið tillit til UFS þátta (umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnunarhættir) í allri greiningarvinnu á stökum fjárfestingum eða sjóðum og kallað eftir viðeigandi upplýsingum um UFS þætti sem nýttar eru við heildarmat fjárfestingarákvarðana.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.

Árið 2020 var tekin sú ákvörðun að kaupa hluta af greiningarvinnu frá félaginu Reitun til þess að styrkja enn frekar ferlið við innlenda markaðinn og til að geta lagt aukna áherslu á aðra eignaflokka. Við UFS mat á öðrum eignaflokkum en skráðum innlendum félögum á Aðallista Nasdaq Iceland er einnig stuðst við greiningu Reitunar. Þau félög sem Reitun tekur ekki út en eru í eignasafni, eru metin út frá stefnum, skýrslum tengdum samfélagslegri ábyrgð og/eða öðrum viðeigandi gögnum. Hvað varðar sjóðastýringarfyrirtæki er spurningarlisti sendur út þar sem markmiðið er að svör taki til stefnu þeirra í ábyrgum fjárfestingum, svo sem hvort félög eru aðilar að UN PRI, til hvaða viðmiða sé horft í fjárfestingum ásamt því hvernig rekstraraðili eða sjóður nalgast samfélagsábyrgð í fjárfestingum.

Eignastýring Arion banka fyrir hönd LSBÍ hefur stigið frekari skref í greiningu á eignasafni sjóðsins. Meðal annars hefur verið lagt mat á kolefnisfótspor beinnar eignar í innlendum skráðum félögum og hlutfall grænna fjárfestinga í eignasafni sjóðsins áætlað. Áætluð nettó CO2 losun vegna beins eignarhlutar í árslok 2024 í innlendum skráðum félögum miðað við tölur frá félögunum fyrir árið 2023 var 687 tonn eða 2,80 tonn á hverja 100 m. kr. í eignasafni LSBÍ. Í framtíðinni er stefnt að því að ná enn frekar utan um kolefnisfótspor eignasafnsins.

Upplýsingagjöf LSBÍ um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Þann 1. júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Lögin innleiddu í íslenskan rétt tvær reglugerðir Evrópusambandsins (ESB). Þar er um að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (flokkunarreglugerð ESB eða flokkunarreglugerðin).

Upplýsingagjöf LSBÍ um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR)

LSBÍ birti á árinu yfirlýsingu um sjálfbærniáhættu. En yfirlýsingunni er ætlað að lýsa því hvernig innleiðir áhættuþætti tengda sjálfbærni í fjárfestingarákvarðanaferli. Greining á sjálfbærniáhættu er unnin samhliða mati á annarri fjárhagslegri áhættu og fer fram áður en fjárfestingarákvörðun er tekin. Aðferðin við mat á sjálfbærniáhættu er breytileg eftir því hvaða fjárfestingarkostur á í hlut, enda getur þýðing sjálfbærniáhættu, tímarammi og aðgangur að viðeigandi upplýsingum verið mismunandi á milli einstakra eignaflokka og tegunda fjárfestinga.

LSBÍ hefur birt yfirlýsingu vegna helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). LSBÍ tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR. Ástæða þess er sú að núverandi stefna um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásætlanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. LSBÍ mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum.

Fræðsla til sjóðfélaga

LSBÍ telur mikilvægt að sjóðurinn sinni fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál. Í því sambandi hefur hann á undanförunum árum í samstarfi við rekstraraðila sjóðsins staðið reglulega fyrir vel sóttum opnum fræðslufundum um útgreiðslur og almennum upplýsingafundum um lífeyrissparnað.

Góðgerðarmál

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er LSBÍ ekki heimilt að inna af hendi fjárframlög til góðgerðarmála.

Starfsfólk

Framkvæmdastjóri sjóðsins, ráðinn af stjórn sem eini starfsmaður sjóðsins, stýrir daglegum rekstri en önnur starfsemi, svo sem eignastýring og daglegur rekstur vegna hennar er úthýst til Arion banka samkvæmt rekstrarsamningi. LSBÍ hefur sett framkvæmdastjóra sjóðsins starfsreglur en vísað er til stefnu og reglna Arion banka sem eiga við starfsfólk rekstraraðila, svo sem mannauðs-, starfskjara-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu, almennra starfsreglna, siðareglna fyrir starfsfólk, heilsuverndar og öryggisstefnu og reglur um gjafir og skemmtanir og verðbréfavíðskipti starfsmanna. Stefnurnar eru aðgengilegar á vef Arion banka.

Mannauðsstefnan hefur að leiðarljósi að efla mannauð með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög. Jafnframt hefur Arion banki hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að búið er að kerfisbinda launaákvæðanir og innleiða jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum ÍST 85:2012 staðalsins.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Mannréttindi og spilling

LSBÍ fylgir lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og styður við og virðir mannréttindi í allri sinni starfsemi. Sjóðurinn gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar sínir virði mannréttindi, rétt til félagafrelsis og réttindi á vinnumarkaði.

Til að vinna gegn spillingu hefur stjórn sjóðsins t.a.m. sett sér starfsreglur, samskipta- og siðareglur, verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, auk þess að setja fram aðgerðir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka o.fl. Samsvarandi reglur eru í gildi fyrir starfsmenn sem þjónusta sjóðinn að jafnaði. Þessar reglur má finna í reglum og skilmálum stjórnarhátta hjá Arion banka. Þar má m.a. finna verklagsreglur vegna hagsmunaárekstra, reglur um viðskipti starfsmanna, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, siðareglur o.fl.

ÚTREIKNINGUR KENNITALNA

2024

Tryggingadeild

Fjárfestingartekjur nettó (þ.e. fjárfestingartekjur - fjárfestingargjöld)	F	2.239.880
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (þ.e. rekstrarkostnaður)	K	30.793
Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun	A	24.360.197
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	B	24.631.178

$$i = 2(F-K)/(A+B-(F-K))$$

i = nafnávöxtun = 9,4%

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2024 605,8

Vísitala neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar 2025 634,7

j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar = 4,8%

$$r = ((1+i)/(1+j))-1$$

r = hrein raunávöxtun = 4,46%

Hrein raunávöxtun	2023	-1,00%
Hrein raunávöxtun	2022	-14,23%
Hrein raunávöxtun	2021	8,25%
Hrein raunávöxtun	2020	5,67%

Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar 0,29%

Hrein raunávöxtun	2019	8,43%
Hrein raunávöxtun	2018	5,70%
Hrein raunávöxtun	2017	7,16%
Hrein raunávöxtun	2016	0,49%
Hrein raunávöxtun	2015	12,73%

Tíu ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar 3,51%